

Fundur Almannaheilla 9. mars 2016

Mættir: Ketill, Jónas, Þröstur, Þórarinn, Jón, Erna, Bylgja og Ragnheiður. Einar kom síðar. Aðrir höfðu boðað forföll.

#### 1. Aðildarumsóknir.

Ketill upplýsti að Norræna félagið hefur sett inn umsókn á vef félagsins. Umsóknin skilaði sér ekki strax til formanns vegna tæknilegra vankanta. Rætt um hvort flýta megi ferlinu eins og kostur er, ákveðið að gera það en þó verður umsóknin tekin fyrir af sömu fagmennsku og áður.

#### 2. Staða frumvarps.

Frumvarpið er ekki komið í þingmeðhöndlun, en búist við því á næstunni. Rætt um kynningu, blaðagreinar, auglýsingu og annað, sem rætt var á síðasta fundi.

Rætt um kynningu innan aðildarfélaga. Ketill hafi samband við varaformann ÖBÍ, sem fer með innra starf sambandsins og ræði kynningu til aðildarfélaga. Aðildarfélögum Almannaheilla hefur verið boðin kynning / fundir en ekki hefur verið óskað eftir þeim, nema að gert er ráð fyrir kynningu á stjórnarfundum UMFÍ í byrjun apríl.

#### 3. Fundur fólksins.

Undirbúningshópur er að störfum. Óskað hefur verið eftir 2 mkr framlagi hvers af 5 stóru aðilanna, sem yrðu aðalstyrktaraðilar skv. drögum að samkomulagi. ASÍ, SA, Ríkisstjórnin, Samtök Íslenskra Sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. SÍS hefur sent afsvar en aðrir eru með í skoðun, flestir líklegir. Rætt um að Almannaheill fronti verkefnið, en beri þó ekki fjárhagslega ábyrgð á því. Finna þarf leiðir til þess.

Ketill leggur til að stjórn veiti honum umboð til að halda þessu undirbúningsstarfi áfram, þótt fæðingin sé erfið og leggur til að stefnt verði að fyrstu helgi september sem fundarhelgi og að stefnt verði að Norræna húsinu sem fundarstað. Stjórnarmenn lýsa ánægju með störf formanns og samþykka tillögu hans.

#### 4. Aðalfundur 2016.

Ákveðið að hann verði 26. maí kl 16-18. Ragnheiður kanni með aðstöðu fyrir fundinn. Tillaga að uppstillingarnefnd með Ólaf Proppé verði formaður og að hann ásamt formanni fái umboð til að velja 2 í viðbót. Samþykkt.

Skoða þarf hvort ástæða sé til lagabreytinga. Samþykkt að setja á 2ja manna nefnd til endurskoðunar á lögum, Ragnheiði og Þröst.

Starfsmenn fundar, lagt til að Helgi Gunnars verði fenginn sem fundarstjóri. Jón P kanni og taki að sér að vera ritari. Samþykkt.

Ath. með gest. Ákveðið að skoða jafnvel út fyrir rammann með það að markmiði að trekkja að. Frestað til næsta fundar.

## 5. Málefnaþópar.

Lagafrumvarp. Kynning. Jónas ræddi um plan, sem kynnt var á síðasta fundi. Ef frumvarp kemur fram á næstunni, hvað þá? Þróstur nefnir að Ketill fari í útvarpsviðtöl, og að upplýsingaskjal verði klárað. Allir leggi sig fram um að ljúka skjalinu, sem Ketill stofnaði á Google Docs innan viku. Ákveðið að Ketill hafi samband við Hrafn Bragason um að vera til ráðgjafar og skrifi grein. Eins að Kristján Thorlacius lögmaður verði stjórn aðgengilegur í nokkra tíma sem lögmaður ef þess þarf. Samþykkt. Fá fleiri aðila til að skrifa greinar, t.d. Ómar og Steinunni, formenn félaga, bæði stórra og smárra. Rætt um að búa til kynningarátak á samfélagsmiðlum.

Sýnileikahópur. Styrkja póstlista ofl. Ath. með málþing í vor.

Fjölgun félaga, innra starf og fræðsla.

Málefnaþópar haldi áfram störfum.

## 6. Önnur mál.

Þórarinn sagði fréttir af stöðu mála í Blindrafélaginu í ljósi fréttu og um starf sannleiksnefndar. Rætt í kjölfarið um mikilvægi siðareglu í almannaheillafélögum og hvort Almannaheill geti verið félögum til aðstoðar í erfiðleikum. Ketill leggur til að lagaendurskoðunarnefnd skoði málið. Ákveðið að hann starfi með nefndinni að þessu og að siðareglur verði tekin til umræðu undir önnur mál á aðalfundi og eftir hann ef þurfa þykir.

Jónas er að undirbúa útsendingu á kröfum til aðildarfélaga, ekkert útistandandi frá í fyrra. Bendir jafnframt á að fundargerðir vantar inná vefsíðuna, Einar fer í málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11:00.